Þýðing Sér Tækni ehf. á ensku skjali framleiðandans, CTEK Sweden AB (útgáfa 2.0, dags. 03.12.2025). Ef munur er á þýðingunni og frumskjalinu gildir enska frumskjalið, sem fæst á ctek.ser.is.

Prófunarstofan Shenzhen TCT Testing Technology Co., Ltd. vann öryggisblaðið fyrir CTEK Sweden AB samkvæmt 10. endurskoðaðri útgáfu hnattsamræmds kerfis Sameinuðu þjóðanna (GHS, ST/SG/AC.10/30/Rev.10).

Umsækjandi:	CTEK Sweden AB
Heimilisfang umsækjanda:	Strandvägen 15, 791 42 Falun, Svíþjóð
Heiti sýnis:	Starttæki (Booster)
Gerð:	2012
Málspenna:	14,8 V
Málrýmd:	6000 mAh, 88,8 Wh
Þyngd:	929,56 g
Stærð (L × B × Þ):	239,0 × 107,3 × 40,0 mm
Unnið af:	Shenzhen TCT Testing Technology Co., Ltd., 2101 og 2201, Zhenchang Factory, Renshan Industrial Zone, Fuhai Subdistrict, Bao'an District, Shenzhen, Guangdong, Kína
Skýrslunúmer:	TCT250716M040
Gildir frá:	3. desember 2025

Athugasemd þýðanda: CTEK sendi Sér Tækni þetta öryggisblað sem öryggisblað RB 4000 (40-624).

LIÐUR 1: AUÐKENNI EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1 Vörukenni

Heiti sýnis:	Starttæki (Booster)
Gerð:	2012

1.2 Viðeigandi, tilgreind notkun og notkun sem ráðið er frá

Ráðlögð notkun:	Í neysluvörum
Notkun sem ráðið er frá:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi

1.3 Upplýsingar um birgi sem leggur fram öryggisblaðið

Heiti framleiðanda:	CTEK Sweden AB
Heimilisfang framleiðanda:	Strandvägen 15, 791 42 Falun, Svíþjóð
Sími:	+46 10 344 88 00 (skrifstofa)
Bréfsími:	Ekki gefinn upp
Netfang:	CTEK Support, support@ctek.com

1.4 Neyðarsímanúmer

+1 703 527 3887, eða +1 800 424 9300 og gefið upp númerið CCN1024032.

Athugasemd þýðanda: Á Íslandi er neyðarnúmerið 112 og sími Eitrunarmiðstöðvar Landspítala er 543 2222.

LIÐUR 2: HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkað samkvæmt kröfum 10. endurskoðaðrar útgáfu GHS-kerfis Sameinuðu þjóðanna: Á ekki við (fellur ekki undir gildissvið 10. endurskoðaðrar útgáfu GHS-kerfis Sameinuðu þjóðanna).

2.2 Merkingaratriði

Hættumerki: Á ekki við

Viðvörunarorð: Á ekki við

Hættusetningar: Á ekki við

Varnaðarsetningar, forvarnir: Á ekki við

Varnaðarsetningar, viðbrögð: Á ekki við

Varnaðarsetningar, geymsla: Á ekki við

Varnaðarsetningar, förgun: Á ekki við

2.3 Lýsing á hættu

Snerting við raflausn rafhlöðunnar getur valdið ertingu í húð, augum og slímhúð. Við bruna myndast ertandi, ætandi og/eða eitraðar lofttegundir. Reykurinn getur valdið svima eða köfnun.

Engin hætta stafar af rafhlöðunni sé hún notuð við eðlilegar aðstæður samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Sé hún notuð á rangan hátt er hætta á að hún rofni, kvikni í henni, hún hitni eða innra efni leki úr henni, og getur það valdið tjóni. Röng notkun er meðal annars, en ekki eingöngu: of löng hleðsla, skammhlaup, eldur, högg frá hörðum hlut, gat eftir oddhvassan hlut, brot og rof.

LIÐUR 3: SAMSETNING/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Hlutur (vara sem samanstendur af rafhlöðusellum).

Lýsing	Efnaheiti	CAS-númer	Innihald (%)
Rafhlöðusella	Litíumkóbaltoxíð	12190-79-3	15-40
	Grafít	7782-42-5	10-30
	Litíumhexaflúorófosfat	21324-40-3	10-30
	Kopar	7440-50-8	7-13
	Álþynna	7429-90-5	5-10
	Nikkel	7440-02-0	1-5

LIÐUR 4: RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp

Almenn ráð: Leitið strax læknis ef slys verður eða lasleika verður vart.

Innöndun: Hafi viðkomandi andað að sér reyk eða brunaefnum skal flytja hann í ferskt loft og láta hann hvílast í stellingu sem auðveldar öndun. Leitið læknis ef lasleika verður vart.

Inntaka: Skolið munninn með vatni, drekkið síðan mikið vatn, framkallið uppköst og leitið læknis.

Snerting við augu:	Haldið augnlokunum frá auganu og lyftið efra og neðra augnloki öðru hverju. Skolið augun með miklu vatni eða saltvatni í að minnsta kosti 15 mínútur og leitið læknis ef erting er viðvarandi.
Snerting við húð:	Engin augljós einkenni. Leitið læknis ef erting í húð er viðvarandi.
Varnir þeirra sem veita skyndihjálp:	Gangið úr skugga um að heilbrigðisstarfsfólk viti um hvaða efni er að ræða. Gerið ráðstafanir til að verja ykkur sjálf og hindra að mengun breiðist út.

4.2 Mikilvægustu einkenni og áhrif, bæði bráð og síðkomin

Efni getur safnast fyrir í líkamanum og valdið nokkrum áhyggjum við endurtekin eða langvarandi váhrif á vinnustað.

4.3 Upplýsingar um bráðalæknishjálp og sérstaka meðferð sem þörf er á

Meðhöndlið eftir einkennum. Einkenni geta komið fram síðar.

LIÐUR 5: RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVISTARFA

5.1 Slökkvibúnaður

Hentug slökkviefni: Notið slökkviefni sem hentar umhverfinu.

Óhentug slökkviefni: Engar upplýsingar fyrirliggjandi

5.2 Sérstakir hættuþættir sem stafa af efninu eða blöndunni

Getur sundrast við bruna og myndað ertandi, ætandi eða eitraðan reyk. Reykurinn getur valdið svima eða köfnun.

5.3 Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

Slökkviliðsmenn skulu nota sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan slökkvigalla. Komið með öllum tiltækum ráðum í veg fyrir að leki berist í niðurföll eða vatnsföll. Notið fínan vatnsúða til að ná tökum á eldinum og kæla nærliggjandi svæði.

LIÐUR 6: RÁÐSTAFANIR VEGNA EFNALEKA FYRIR SLYSNI

6.1 Persónulegar varúðarráðstafanir, hlífðarbúnaður og viðbragðsáætlanir

Ef efni losna úr rafhlöðunni skal fólk yfirgefa svæðið þar til reykurinn hefur dreifst. Loftræstið eins vel og unnt er til að losna við hættulegar lofttegundir. Best er að yfirgefa svæðið og farga hylkinu þegar rafhlöðurnar hafa kólnað og gufan hefur dreifst. Loftræstið eins vel og unnt er. Forðist snertingu við húð og augu og innöndun gufu.

6.2 Umhverfisverndarráðstafanir

Komið í veg fyrir að varan berist í niðurföll.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Takið upp og setjið í rétt merkt ílát. Forðist að ryk myndist.

6.4 Tilvísun í aðra liði

Ráðleggingar um persónuhlífar eru í lið 8 í öryggisblaðinu og ráðleggingar um förgun í lið 13.

LIÐUR 7: MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1 Varúðarráðstafanir varðandi örugga meðhöndlun

Sértæk ráð um örugga meðhöndlun: Kastið sellum aldrei í eld og látið þær ekki verða fyrir miklum hita. Leggið sellur ekki í vatn eða sjó. Látið þær ekki komast í snertingu við sterk oxunarefni. Verjið þær fyrir hörðum höggum og kastið þeim ekki niður. Takið þær aldrei í sundur, breytið þeim ekki og aflagið þær ekki. Tengið ekki plúspólinn við mínuspólinn með leiðandi efni.

7.2 Skilyrði fyrir örugga geymslu, þ.m.t. ósamrýmanleiki

Setjið rafhlöðusellu ekki nálægt hitunarbúnaði og látið hana ekki standa lengi í beinu sólarljósi. Hár hiti getur stytt endingu sellunnar og dregið úr afköstum hennar. Geymist á köldum stað. Ósamrýmanleg efni: leiðandi efni, vatn, sjór, sterk oxunarefni og sterkar sýrur. Hafið tiltækan slökkvibúnað og búnað til viðbragða við leka, af réttri gerð og í réttu magni.

7.3 Sértæk endanleg notkun

Ekki er gert ráð fyrir annarri sértækri endanlegri notkun en þeirri sem nefnd er í lið 1.2.

LIÐUR 8: VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1 Takmörkunarfæribreytur

Viðmiðunarmörk á vinnustað (OEL):	Engar viðeigandi reglur
Líffræðileg viðmiðunarmörk:	Engar viðeigandi reglur
Styrkur sem ætlað er að valdi engum áhrifum (PNEC):	Engar viðeigandi reglur
Afleidd mörk áhrifaleysis (DNEL):	Engar viðeigandi reglur

8.2 Váhrifavarnir

Tæknilegar varnir:	Tryggið næga loftræstingu, einkum í lokuðu rými. Tryggið að augnskolunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt vinnustaðnum. Notið sprengiheldan rafbúnað, loftræstibúnað og ljósabúnað. Komið upp neyðarútgangi og nauðsynlegu öryggissvæði.
Augnhlífar:	Notið viðeigandi hlífðargleraugu sem þola ætandi efni. Þvoið hendur eða farið í sturtu eftir vinnu.
Handhlífar:	Notið hlífðarhanska sem þola sýrur og basa.
Öndunarhlífar:	Notið viðeigandi öndunarhlífar.
Húð- og líkamshlífar:	Notið hlífðarfatnað sem þolir sýrur og basa.

LIÐUR 9: EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um grunneiginleika

Eðlisástand:	Fast efni
Litur:	Svartur
Lykt:	Lyktarlaust
Lyktarþröskuldur:	Á ekki við
pH-gildi:	Á ekki við
Bræðslumark/frostmark:	Á ekki við
Upphafssuðumark og suðumarksbil:	Á ekki við
Blossamark (lokaður bolli, °C):	Á ekki við
Uppgufunarhraði:	Á ekki við

Eldfimi:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
Efri/neðri eldfimimörk eða sprengimörk:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
Gufuþrýstingur:	Á ekki við
Gufuþéttleiki (loft = 1):	Á ekki við
Eðlismassi/eðlisþyngd (vatn = 1):	Á ekki við
Leysni:	Á ekki við
Deilistuðull n-oktanóls/vatns:	Á ekki við
Sjálfsíkveikjuhitastig:	Á ekki við
Niðurbrotshitastig:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
Hreyfiseigja (mm²/s):	Á ekki við

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

LIÐUR 10: STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1 Hvarfgirni

Snerting við ósamrýmanleg efni getur valdið niðurbroti eða öðrum efnahvörfum.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugt við rétta notkun og geymslu.

10.3 Möguleiki á hættulegum efnahvörfum

Hvarfast kröftuglega við oxunarefni og getur valdið eldi eða sprengingu. Eldfimt; gufa eða duft úr því getur myndað sprengifima blöndu við loft. Snerting við málmalkoxíð getur valdið eldi.

10.4 Skilyrði sem ber að varast

Verjið rafhlöðuna fyrir höggum. Haldið henni frá opnum eldi og miklum hita.

10.5 Ósamrýmanleg efni

Leiðandi efni, vatn, sjór, sterk oxunarefni og sterkar sýrur.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni

Kolefnisoxíð og aðrar ertandi og eitraðar lofttegundir.

LIÐUR 11: EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1 Upplýsingar um hættuflokka

Bráð eiturhrif:	Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum uppfyllir varan ekki viðmiðanir fyrir flokkun.
Húðæting/húðerting:	Komist innri efni út getur gufan verið mjög ertandi fyrir húð og augu.
Alvarlegur augnskaði/augnerting:	Komist innri efni út getur gufan verið mjög ertandi fyrir húð og augu.
Næming:	Á ekki við

Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur:	Á ekki við
Krabbameinsvaldandi áhrif:	Á ekki við
Eiturhrif á æxlun:	Á ekki við
Sértæk eiturhrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti:	Á ekki við
Sértæk eiturhrif á marklíffæri, endurtekin váhrif:	Á ekki við
Ásvelgingarhætta:	Á ekki við

11.2 Upplýsingar um aðra hættu

Innkirtlatruflandi eiginleikar:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
Aðrar upplýsingar:	Sjá lið 11.1

LIÐUR 12: VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1 Eiturhrif:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
12.3 Uppsöfnun í lífverum:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
12.6 Innkirtlatruflandi eiginleikar:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi
12.7 Önnur skaðleg áhrif:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi

LIÐUR 13: FÖRGUN

Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar:	Kynnið ykkur lög og reglur í landinu og á staðnum áður en vörunni er fargað.
Förgun umbúða:	Ílát má endurvinna eða endurnýta. Fylgið lögum og reglum í landinu og á staðnum.
Ráð um förgun:	Notaðar rafhlöður má ekki meðhöndla sem venjulegt sorp. Þeim má ekki kasta í eld eða setja í mikinn hita. Ekki má taka þær í sundur, stinga gat á þær, kremja þær eða meðhöndla á annan sambærilegan hátt. Best er að endurvinna þær.

Athugasemd þýðanda: Á Íslandi er rafhlöðum skilað á endurvinnslustöðvar eða á sölustaði rafhlaðna.

LIÐUR 14: UPPLÝSINGAR UM FLUTNINGA

Atriði	Flug, ICAO/IATA (DGR, 66. útg.)	Sjór, IMDG-kóðinn (breyting 42-24)	Vegir, ADR (2025)
14.1 UN-númer	UN 3480	UN 3480	UN 3480
14.2 Rétt sendingarheiti	Lithium ion batteries (including lithium ion polymer batteries)	Lithium ion batteries (including lithium ion polymer batteries)	Lithium ion batteries (including lithium ion polymer batteries)
14.3 Hættuflokkur	9	9	9
14.4 Pökkunarflokkur	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
14.5 Sjávarmengunarvaldur	Nei	Nei	Nei

Rétta sendingarheitið er á ensku eins og reglurnar krefjast. Á íslensku: litíumjónarafhlöður (þar með taldar litíumjónafjölliðurafhlöður).

14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notendur

Flutningsmáti	Skilyrði
Flug	Má flytja með flugi samkvæmt tæknifyrirmælum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) eða reglum Alþjóðasambands flugfélaga (IATA) um hættulegan varning, pökkunarfyrirmælum PI965, hluta IB.
Sjór	Samkvæmt sérákvæði 188 í alþjóðakóðanum um flutning á hættulegum varningi á sjó (IMDG-kóðanum).
Vegir	Samkvæmt sérákvæði 188 í Evrópusamningnum um alþjóðlega flutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR).

Þegar skilyrðum sérákvæðis 188 er fullnægt má flytja vöruna á sjó og á vegum án þess að hún sé skráð sem hættulegur varningur í flokki 9.

Reglur um hættulegan varning krefjast þess að hver gerð rafhlöðu hafi staðist prófanir samkvæmt kafla 38.3 í handbók Sameinuðu þjóðanna um prófanir og viðmiðanir áður en hún er afhent til flutnings. Númer UN 38.3-prófunarskýrslu: TCT250716B040.

LIÐUR 15: UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1 Sértækar reglur eða löggjöf um öryggi, heilbrigði og umhverfi fyrir efnið eða blönduna

Alþjóðlegar efnaskrár. Varðandi flutninga var vísað til og tekið mið af eftirfarandi reglum:

- Tillögur Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum varningi, fyrirmyndarreglur (TDG)
- Reglur Alþjóðasambands flugfélaga um hættulegan varning (IATA-DGR)
- Alþjóðakóði um flutning á hættulegum varningi á sjó (IMDG-kóðinn)
- Reglur um alþjóðlega flutninga á hættulegum varningi með járnbrautum (RID)
- Evrópusamningur um alþjóðlega flutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR)
- Evrópusamningur um alþjóðlega flutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum (ADN)
- Tillögur Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum varningi, handbók um prófanir og viðmiðanir
- Alþjóðasamband flugfélaga (IATA)
- Tæknifyrirmæli um örugga flutninga á hættulegum varningi
- Flokkun og kóðar hættulegs varnings
- Staðall bandarísku vinnuverndarstofnunarinnar OSHA um upplýsingar um hættur (Hazard Communication Standard)

LIÐUR 16: AÐRAR UPPLÝSINGAR

Öryggisblaðið var útbúið árið 2025, útgáfa 2.0. Í frumskjalinu er ljósmynd af sýninu.

Fyrirvari

Þetta öryggisblað á aðeins við um rafhlöðuna og byggist á upplýsingum frá umsækjanda, svo sem um innihaldsefni, og núverandi þekkingu prófunarstofunnar. Það skal aðeins nota til leiðbeiningar. Sé rafhlaðan notuð sem hluti af annarri vöru er ekki víst að upplýsingarnar í blaðinu eigi við. Notendur blaðsins verða sjálfir að meta hvort það sé rétt og tæmandi og ákveða út frá aðstæðum hvort það henti. Notendur bera lagalega ábyrgð á afleiðingum notkunarinnar.